

Fundargerð 5. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði þriðjudaginn 25. nóvember kl 14.00 – 16.00 hjá Samgöngustofu, Ármúla 2. Reykjavík.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Kári Gunnlaugsson (KG), Hildur Reykdal (HR), Jón Pétur Jónsson (JPJ), Sigríður Björk Guðjónsdóttir (SBG) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari. Sigurjón Hreinsson starfsmaður við flugvernd hjá Samgöngustofu sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Fjarverandi: Pétur K. Maack (PKM), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA), Haraldur Briem (HB) og Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG).

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrá
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Einstakir fulltrúar gera grein fyrir stöðu verkefna innan flugvirkaráætlunar fyrir árið 2014
4. Tillaga að samráðsfundi með íslenskum flugrekendum í janúar 2015
5. Staðan varðandi e-bólu
6. Fyrstu drög Samgöngustofu að flugvirkaráætlun fyrir 2015
7. Önnur mál

1. FS setur fundinn í fjarveru PKM og kynnir dagskrá.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3. Staða verkefna.

Flugvirkaráætlun 2014 og tillaga Samgöngustofu að Flugvirkaráætlun 2015 liggja fyrir. LOKIÐ.

Verkefni um skilgreiningu á hlutverkum er tengjast farþegalistum og lífsýnaskilríkjum og vegna viðbóta (amendments) við viðauka 9 eru óleyst og eru verkefnalok færð til janúar 2015. Ef ekki næst að innleiða viðbæturnar þarf að tilkynna frávik til ICAO.

BÓH fór yfir þarfagreiningarverkefni sem sett hafa verið á stað en þau eru grunnur að mótun uppbyggingar flugvallarins næstu 20/30 árin. Búið að velja hóp 6 fyrirtækja í forvali og á tillaga að liggja fyrir í lok janúar, drög í lok maí og fullmótuð tillaga í september. Hagsmunaaðilar voru beðnir um athugasemdir. Ákveðið að setja þarfagreininguna í einn lið. Bent er á mikinn vöxt í umferð og að auka þurfi afköst lögreglu og tolls til skemmri tíma litið. BÓH fór einnig yfir væntanlegar breytingar á aðstöðu í FLE þ.m.t. að 500 milljónir eigi að fara í stækkun töskusals og að leggja eigi 200 milljónir í sjálfvirkan vegabréfabúnað, eða 100 milljónir á ári næstu tvö árin.

Fram kom í umræðu þessa þáttar að stöðugur niðurskurður á fjárveitingum til lögreglu og tolls á undanförunum árum valdi því að mannekla hjá þeim sé að verða helsta vandamál í móttöku farþega í FLE. Lagt til að ráðið álykti um að fjárveitingar til tolls og lögreglu verði í samræmi við umsvif.

Búið er að úthluta svæði í FLE vegna E-Bólu neyðartilfella en það er ekki tilbúið.

4. Bréf PKM til flugrekenda samþykkt með breytingu á dagsetningu. Ákveðið að senda boð til íslenskra flugrekenda sem eru með áætlunarflug til og frá landinu, Icelandair WOW Air og Flugfélag Íslands. Á fundinum verði svo rætt verklag á samskiptum.
5. Vegna fjarveru HB var ekki hægt að fá stöðu mála, en JPJ upplýsti að lögreglan hefði haldið æfingu á viðbrögðum og kynnst sér aðstæður hjá Norðmönnum.
6. Drög að nýrri flugvirkjaráætlun var kynnt og gert ráð fyrir að hún verði samþykkt í janúar. Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum um fleiri verkefni.
7. Önnur mál.
 - a. Bréf frá Icelandair um för yfir landamæri var kynnt, en það barst rétt fyrir fund. Fram kemur að málið hefur áður komið inn á borð innanríkisráðuneytisins og verður næsta skref að kanna afstöðu þess til málsins.
 - b. Ákveðið að fá Þjóðskrá til að vera með kynningu frá ICAO ráðstefnu í október.
 - c. SBG mun ræða við Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórann á Suðurnesjum, sem tilnefndu hana, hvort rétt sé að skipa annan fulltrúa í hennar stað þar sem hún sé ekki lengur lögreglustjóri á Suðurnesjum.
 - d. HSS kynnti hugmynd sína um að flugrekendur eigi fulltrúa í ráðinu
 - e. HSS kynnti fund hjá FAL hóp ECAC
 - f. SH sat fundinn til að sjá hvar snertifletir væru á milli flugvirkarráðs og flugverndarráðs. Hann taldi ekki þörf á að fulltrúi flugverndar sæti fundi flugvirkarráðs nema að sérstaklega sé verið að fjalla um flugvernd.

Reykjavík, 26. nóvember 2014.

Efni: Fundur íslenskra flugrekenda með flugvirkarráði 13. janúar kl. 13.30-15.30 í innanríkisráðuneytinu.

Dagskrá:

1. Kynning einstakra flugvirkarráðs meðlima (hámark 5 mín á mann).
2. Kynning á tillögu að flugvirkaráætlun Íslands fyrir árið 2015.
3. Athugasemdir og fyrirspurnir flugrekenda.
4. Verklag um samráð flugrekenda og flugvirkarráðs.
5. Staðan varðandi viðbrögð við e-bólu.
6. Önnur mál.

Flugvirkarráð er samráðsvettvangur opinberra aðila og annarra um framkvæmd, samvinnu og samhæfingu á sviði flugvirkar. Ráðið er eingöngu skipað opinberum aðilum og megin tilgangurinn er að tryggja greiðar flugsamgöngur innan þeirra skyldna sem opinberir aðilar hafa hver um sig gagnvart flugrekstri. Áherslur í starfinu koma fram í flugvirkaráætlun hvers árs.

Þó svo að íslenskir flugrekendur séu í beinum og góðum tengslum við ýmsa opinbera aðila í flugi eins og Samgöngustofu og Isavia telur ráðið það heppilegt að íslenskir flugrekendur geti komið sjónarmiðum sínum að beint við ráðið og því er boðað til áður nefnds fundar.

Þeir opinberu aðilar sem eiga sæti í flugvirkarráði eru innanríkisráðuneytið, Matvælastofnun, Samgöngustofa, embætti landlæknis, Útlendingastofnun, Tollstjóri Íslands, Ríkislögreglustjóri, Þjóðskrá Íslands og Isavia.

Um flugvirkt gildir reglugerð nr. 1025/2012, sem innleiðir viðauka 9 við Chicago samninginn. Flugvirkaráætlun Íslands má finna á heimasíðu Samgöngustofu.

Vonandi sérðu þér fært að koma til fundarins og hafa áhrif á störf flugvirkarráðs.

f.h. Flugvirkarráðs



Flugvirkarráð
b.t. Péturs K. Maack
Ármúla 2
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2014

Efni: Tillögur að breytingum á reglugerð nr. 1212/2007 um för yfir landamæri

Samkvæmt heimild í lögum nr. 96/2002 um útlendinga hefur ráðherra sett ofangreinda reglugerð um för yfir landamæri. Í reglugerðinni eru lagðar ákveðnar kröfur á hendur flugrekendum um eftirlit með ferðaskilríkjum farþega. Í 26. gr. reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

Stjórnendur skipa og loftfara skulu ganga úr skugga um að farþegar þeirra hafi gild ferðaskilríki. Áður en farþegi stígur um borð skal kanna hvort hann hafi vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki og hvort þeir farþegar sem eru áritunarskyldir hafi gilda vegabréfsáritun til landsins.

Skylða skv. 1. mgr. á ekki við um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins en gengið skal þó úr skugga um að skráður farþegi sé sá sem hann segist vera.

Skipstjórar og flugstjórar skulu við komu til íslenskrar hafnar eða flugvallar frá ríki sem ekki tekur þátt í Schengen-samstarfinu sjá um að farþegar yfirgefi ekki skip eða loftfar fyrr en landamæraeftirlit getur farið fram.

Icelandair telur ákvæði þetta mjög íþyngjandi gagnvart flugrekendum. Í því sambandi vill félagið benda á að til þess að uppfylla skilyrði 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar þarf Icelandair að viðhalda 8-10 stöðugildum á ársgrundvelli. Eðli málsins samkvæmt ber félagið allan kostnað sem fellur til vegna þessara stöðugilda. Þá getur Icelandair ekki heldur notið góðs af þeim sjálfsafgreiðslu innritunarvélum (e. *Self service check-in*), sem settar hafa verið upp á Keflavíkurflugvelli. Slíkar byrðar, sem lagðar eru á atvinnulífið, samræmast alls ekki stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar frá 22. maí 2013. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.



Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.

Icelandair vill jafnframt áréttta að félagið telur það ekki samrýmast markmiði Schengen samstarfsins að gera kröfu um að flugrekandi gangi úr skugga um að skráður farþegi sé sá sem hann segist vera. Slíkt felur í sér skoðun ferðaskilríkja viðkomandi en kjarni samstarfsins lýtur að því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna. Þessu til stuðnings vill Icelandair benda á að ekki eru gerðar sambærilegar kröfur um könnun skilríkja farþega sem ferðast innan Schengen svæðisins á Norðurlöndunum.

Í ljósi ofangreinds óskar Icelandair vinsamlegast eftir því að flugvirktaarráð muni beita sér fyrir því að 26. gr. reglugerðar nr. 1212/2007 verði felld brott. Slíkt myndi samræmast því hlutverki ráðsins sem fram kemur í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1025/2012 um flugvirkt, þ.e. að samhæfa og samræma starfsemi þeirra opinberu aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm á flugvöllum til þess að *einfalda formsatriði og greiða fyrir flutningi og afgreiðslu þeirra þannig að flutningur geti gengið snurðulaust fyrir sig.*

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ari Guðjónsson', written over a horizontal line.

Ari Guðjónsson

Lögfræðisviði Icelandair Group hf.